

Ályktun MFÍK vegna fundar NATÓ í Lissabon

19. - 20. nóvember

NATÓ heldur leiðtogafund sinn í Lissabon í Portúgal dagana 19.- 20. nóvember. Af því tilefni hafa systursamtök MFÍK í Portúgal *O Movimento Democrático de Mulheres* MDM, ásamt öðrum friðarsamtökum, undirbúið mótmælafund í borginni 20. nóvember. MFÍK sendi frá sér stuðningsályktun til samtakanna, þar sem m.a. er vikið að því að í stað þess að taka höndum saman og leysa brýn verkefni, s.s. hvað varðar vá í náttúru- og heilbrigðismálum og hörmulegum afleiðingum stórfelldrar og óréttlátrar misskiptingar auðs og auðlinda, skipti menn liði enn á ný og stundi stríðsleiki með fjöregg þjóða að leiksoppi.



Ályktunina í heild má lesa á heimasíðu okkar: www.mfik.is

Félagsgjöld MFÍK

Félagsgjöldin okkar hafa skilað sér frekar illa. Í hagræðingarskyni eru gíróseðlar ekki sendir út og hvetjum við ykkur því að greiða inn á reikning félagsins: **0526 - 26 - 484394, kt. 610174 - 4189.**

Félagsgjöld MFÍK er eitt af því fáa sem hægt er að treysta á um þessar mundir því þau hafa bara alls ekki haggast undanfarin ár:

Almenn félagsgjöld: 2.500 kr.

Eldri borgarar: 1.500 kr.

Námsmenn: 1.500 kr.

Vinsamlegast setjið nafn félagsmanns í tilvísun ef borgað er í heimabanka af reikningi annarra en félagsmanna.



Fréttabréf MFÍK

Nóvember 2010

Framundan hjá MFÍK

(merkið í dagatalið)

8. nóvember

Opinn félagsfundur í Friðarhúsi kl. 19.

Margrét Guðnadóttir, veirufræðingur og baráttukona, mætir á fundinn og segir frá starfi sínu og rannsóknum.

Léttur kvöldverður á hóflegu verði (kr. 1.000) í upphafi fundar.

Húsið opnar 18.30.

Takið með ykkur gesti. Allir velkomnir!

11. desember

Bókmenntakynning MFÍK kl. 14 í MÍR - salnum, Hverfisgötu 105.

Aðventustemming og kaffisala.

Takið með ykkur gesti. Allir velkomnir!



Afleiðingar af notkun vopna sem innihalda sneytt úran

Sameinuðu þjóðirnar hafa tilnefnt 6. nóvember *Alþjóðlegan baráttudag gegn notkun vopna sem innihalda sneytt úran* og svo ágætlega vill til að dagurinn er einnig tileinkaður baráttu gegn misbeitingu náttúru og umhverfis á stríðstímum og í stríðsátökum. Af þessu tilefni er hluti fréttabréfsins tileinkaður umfjöllun um áhrif vopna sem innihalda sneytt úran á líf og heilsu fólks.

Hverra er ábyrgðin?

Í skýrslu sinni *A Question of Responsibility: depleted uranium weapons in the Balkans* velta samtökin ICUBW (International Coalition to Ban Uranium Weapons, sem MFÍK á aðild að) því fyrir sér hver beri ábyrgð á því að rannsaka þau áhrif sem notkun vopna sem innihalda sneytt úran hafi á fólk og umhverfi. Skoðun þeirra er sú að ábyrgðin sé tæplega þeirra þjóða sem eru fórnarlömb notkunar slíkra vopna, eins og tilfellið er með ríkin á Balkanskaganum. Vísindalegar rannsóknir á áhrifum á notkun efnavopna eru viðamiklar og kostnaðarsamar og krefjast mikillar sérþekkingar. Það er ekki við því að búast að þjóðir sem hafa staðið lengi í stríðsátökum séu í stakk búnar til að skipuleggja slíkar rannsóknir eða standa straum af kostnaði þeirra. Næg eru nú verkefni samt. Vitað er með vissu að vopnum sem innihéldu sneytt úran var beitt í Bosníu og Hersegóvíu, Serbíu, Kosóvó og Svartfjallalandi en fullnægjandi upplýsingar um hversu mikið magn var notað og hvað varð um þau skotmörk sem urðu fyrir árásum liggja ekki fyrir. Þetta hefur gert rannsakendum erfitt fyrir að afmarka viðfangsefni sín og ekki síður hamlað hreinsun á hugsanlega menguðum svæðum. Einhverjar rannsóknir hafa þó verið gerðar og gefa niðurstöður þeirra vísbendingu um að tengja megja notkun þessara vopna við aukna tíðni krabbameins. Þessar rannsóknir eru fáar og ómarkvissar og erfitt að fullyrða um niðurstöður þeirra. Þrátt fyrir að óyggjandi sannanir liggja ekki fyrir, er ljóst að óvissan og hræðslan við hugsanlega mengun af völdum úranvopna og afleiðingar hennar hafa mikil áhrif á líf fólks á þessum svæðum.

Skref í rétta átt

Í ályktunum Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna *Effects of the use of*

Umsögn MFÍK vegna frumvarps til laga

MFÍK sendi á dögunum frá sér umsögn vegna frumvarps til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Frumvarp þetta er nú lagt fram í tíunda sinn. Síðast var það lagt fram á 136. löggjafarþingi og var því þá vísað til utanríkismálanefndar sem sendi frumvarpið til umsagnar. Nefndinni bárust nokkrar umsagnir en málið var þó ekki afgreitt frá nefndinni. Í gegnum tíðina hefur frumvarpið notið stuðnings þingmanna allra hinna rötgrónu flokka nema Sjálfstæðisflokksins og var engin undantekning á því á 136. löggjafarþingi þegar þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar, Frjálslynda flokksins og Framsóknarflokksins fluttu málið á þingi.

Umsögn MFÍK:

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja hafa verið eitt af baráttumálum Menningar- og friðarsamtakanna MFÍK til margra ára og því fagna forsvarsmenn samtakanna þessu frumvarpi til laga. Mikilvægt er að Ísland njóti alþjóðlegrar viðurkenningar sem friðlýst svæði og leggi sitt af mörkum til afvopnunar og friðar í heiminum.

Menningar- og friðarsamtökin MFÍK gera athugasemd við 3. gr. frumvarpsins og leggja til að seinni hluti málsgreinarinnar þar sem segir: „en tekur ekki til flutningstækja eða útbúnaðar sem koma á sprengjunni eða vopninu í skotmark ef tækið eða búnaðinn má skilja frá sprengjunni eða vopninu“ verði felldur í burtu, þannig að eftir standi: „Í lögum þessum merkir „kjarnorkuvopn“ hvers kyns vopn eða sprengju þar sem kjarnorka er leyst úr læðingi við notkun hvort sem það er samsett eða ósamsett að nokkru eða öllu leyti.“

Samtökin gera einnig athugasemd við 10. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um undanþágu fyrir friðsamlegri umferð eða gegnumferð farartækja án óþarfa viðdvalar og telja að 12 sjómílna mörk séu of lítil og leggja til að þetta atriði verði endurskoðað.

Frumvarpið má lesa á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/139/s/0018.html>



Síðasta fangelsisdóm hlaut hann fyrir aðkomu sína að Charter 08, stefnuskrá sem hann reit í félagi við aðra og kom út 10. desember 2009 á 100 ára aldursári kínversku stjórnarskrárinnar og 60 ára afmæli Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Stefnuskráin kemur með 19 breytingartillögum sem bæta eiga mannréttindi kínverskra þegna s.s. sjálfstætt réttarkerfi, fundafrelsi og afnám einsflokkskerfisins.

Í varnarræðu sinni sem hann hélt 23. desember 2009 segist hann ekki eiga neina óvini. Hann segist virða störf og persónur þeirra sem hafa komið að handtöku hans, sakfellingu og fangagæslu, hrósar þeim fyrir fagmennsku og háttsemi og talar um góðan aðbúnað í fangelsinu. Hann minnir á að Kína hafi samþykkt mannréttindasáttmála og segir að handtaka sín standist ekki stjórnarskrá. Hann vonar að hann sé sá síðasti sem verði handtekinn fyrir skoðanir sínar í Kína.

Ekki eru allir sáttir við valið á Xiaobo. Kínversk stjórnvöld vilja meina að þetta val brjóti í bága við meginreglur friðarverðlauna Nóbels og vanhelgi þau. Þau hafa eitthvað til síns máls þar eð Alfred Nobel mælti svo um að þessi verðlaun skyldi veita þeim "... sem hefur lagt sig fram við að stuðla að bræðralagi milli þjóða, afnámi eða minnkun herafla og fyrir að halda og hvetja til friðarráðstefna...". Hinsvegar er löngu komin hefð á að veita þessi verðlaun til þeirra sem starfa að mannréttindamálum. Sumir innan Kína telja Xiaobo of herskáan og eyðileggja fyrir hinum hófsamari. Aðrir telja hann ekki nógu herskáan og of samstarfsfúsan við stjórnvöld. Honum er legið á hálsi að vera of hallur undir Vesturlönd og þykir gagnrýniverð að hann hafi þegið styrki frá NED (National Endowment of Democracy) lýðræðisumbótasjóðnum í Bandaríkjunum. Heitir þjóðernissinnar líta á hann sem landráðamann eftir ummæli í blaðaviðtali í Hong Kong 1988 þar sem hann sagði að Kína þyrfti að vera minnst 300 ár undir nýlendustjórn til að breytast. Síðast en ekki síst þykir slæmt að hann studdi innrásina í Írak í ritum sínum.

En hvað sem fólk annars finnst um réttmæti þess að Liu Xiaobo sé handhafi friðarverðlauna Nóbels, þá hefur athygli heimsins beinst að stöðu mannréttinda í Kína og er það vel.

armaments and ammunitions containing depleted uranium, sem voru samþykktar 2007 og 2008 er viðurkennt að hefðbundin úranvopn geta valdið tjóni á heilsu manna og umhverfi. Aftur á móti hefur þjóðum, sem nota slík vopn, hingað til ekki borið skylda til að veita upplýsingar um hvar, hvenær eða í hversu miklum mæli þessi vopn hafi verið notuð. ICUBW hafa lagt ríka áherslu á það að í fyrrefndar ályktanir verði sett ákvæði þess efnis að þjóðum beri skylda að upplýsa um notkun sína á þessum vopnum. Það er skref í rétta átt að þessi krafa samtakanna hefur borið þann árangur að í þriðju ályktuninni, sem nýverið var lögð fyrir Afvopnunarnefnd Sameinuðu þjóðanna, er kveðið á um þessa skyldu. Ísland var meðal þeirra 136 þjóða sem samþykktu þessa ályktun, 28 ríki sátu hjá, en Bretland, Frakkland, Bandaríkin og Ísrael voru á móti. Ályktunin verður lögð fyrir Allsherjarnefnd Sameinuðu þjóðanna í lok nóvember.

Lesi má skýrslu ICUBW á þessari vefslóð: <http://www.bandepleteduranium.org/en/docs/134.pdf>

Rannsókn á tíðni krabbameina, vansköpun nýbura og barnadauða í Fallujah

Talið er að það magn af vopnum sem innihalda sneytt úran sem beitt var í Írak sé allt að sextíu sinnum meira en það magn sem notað var á Balkanskaganum. Liam Fox, fyrrum varnarmálaráðherra Bretlands, viðurkenndi t.a.m. nýlega að Bretar hefðu notað 1,9 tonn vopna sem innihéldu sneytt úrani í Íraksstríðinu, en upplýsingar um notkun Bandaríkjamanna liggja enn ekki á lausu.

Í janúar og febrúar á þessu ári var gerð viðamikil bresk rannsókn í Fallujah á fjölda krabbameinstilfella, vansköpun nýbura og barnadauða. Rannsókninni var stjórnað af Chris Busby, Malak Hamdan og Entesar Ariabi. Rannsóknarspurningarnar, sem voru á arabísku, voru lagðar fyrir 711 heimili, heildarúrtakið var 4843 manns og svarhlutfallið rúmlega 60%.

Rannsóknin leiddi í ljós að tíðni barnadauða og krabbameinstilfella hefur aukist mikið í borginni frá árinu 2005 og er hærri en í Hiroshima og Nagasaki eftir að þessar japönsku borgir voru eyðilagðar með bandarískum atómsprengjum árið 1945. Nú, sex árum eftir grimmilegar og langvarandi árásir á Fallujah, fæðist



ógnvænlegur fjöldi vanskapaðra barna. Sum eru án útlíma, önnur með S-lagaðan hrygg eða með of marga fingur og tær. Fjöldi þeirra liggur á nýja sjúkrahúsinu í Fallujah og sem dæmi má nefna barn með þrjú höfuð. Ástandið er þannig að konur vilja ekki lengur eignast börn af ótta við vansköpun þeirra.

Rannsóknin sýnir að fjöldi krabbameinstífla barna er tólf sinnum hærra en getur talist eðlilegt. Ungbarnadaði er fjórum sinnum hærra en í nágrennaríkinu Jórdaníu og átta sinnum hærra en í Kúveit. Skýrslan sýnir einnig fram á að kynjahlutfall nýbura hefur breyst mikið. Venjulega fæðast 1.050 drengir á móti 1000 stúlkum en nú er tala nýfæddra drengja í Fallujah komin niður í 860 á móti 1000 stúlkum. Það sama gerðist í Hiroshima og Nagasaki eftir að sprengjurnar féllu þar. Innan og utan Fallujah eru orsakir ástandsins raktar til árásanna árið 2004 og bendir margt til þess að sú genétiska aflögun sem hefur átt sér stað sé afleiðing þess að árásarið Bandaríkjanna og bandamanna þeirra hafi beitt vopnum sem innihéldu sneytt úran.

Rannsóknarskýrsluna í heild má lesa hér: <http://www.mdpi.com/1660-4601/7/7/2828/pdf> og frétt um skýrsluna á BBC er að finna hér: <http://www.bbc.co.uk/news/world-middle-east-10721562>. Þess má geta að blaðamaður BBC, John Simpson, var svo yfirkominn af ástandinu, að hann bað ljósmyndara sinn að taka ekki myndir af verstu tilfellunum.

Cynthia Enloe



Dr. Cynthia Enloe, þekktur fyrirlesari um stríð og stöðu kvenna, hélt erindi hjá Háskóla Íslands 14. október s.l. Enloe er stjórn málafræðingur og prófessor við Clark University í Massachusetts í Bandaríkjunum. Hún hefur stundað rannsóknir á hervæðingu, stríðum, stjórn málum og hnattvæðingu efnahagskerfa og hefur auk þess skrifað fjölda bóka, má þar nefna *Bananas, Beaches and Bases: Making Feminist Sense of International Politics* (2000), *Maneuvers: The International Politics of Militarizing Women's Lives* (2004), og *Globalization and Militarism: Feminists Make the Link* (2007). Nýjasta bók hennar, *Nimo's War, Emma's War: Making Feminist Sense of the Iraq War* kom út á þessu ári og fjallar um, eins og titill bókarinnar gefur til

kynna, stríðið í Írak í femínískum skilningi.

Í fyrirlestri sínum í H.Í. fjallaði Enloe um áhrif stríða á líf þeirra kvenna og karla sem fyrir þeim verða, löngu eftir að byssurnar þagna. Hún ræddi mikilvægi þess að skoða hvaða minningar lifa eftir stríðsátök, hverjir hljóta upphefð t.d. í formi minnisvarða, sögur hverra eru birtar og hvaða afleiðingar það getur haft fyrir konur og karla.

Upptöku af erindi Enloe má finna hjá Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræði.

Slóðin er: <http://www.rikk.hi.is/>

vide_recording_public_lecture_given_prof_cynthia_enloe_university_iceland_october_2010.

Friðarverðlaun Nóbels 2010

Kínverski rithöfundurinn og andófsmaðurinn Liu Xiaobo varð fyrir valinu sem friðarverðlaunahafi Nóbels í ár.

Liu fæddist í Jilin í Austur-Kína 1955. Hann hóf nám í bókmenntum við Jilin háskóla 1976 og lauk doktorsprófi frá Háskólanum í Beijing 1988, þar sem hann starfaði jafnframt sem kennari. Hann varð fljótt virtur fræðimaður fyrir ritgerðir sínar og vinsæll fyrirlesari. Á árunum 1988 og 1989, var hann sendikennari við nokkra háskóla erlendis og var staddur í Bandaríkjunum á meðan mótmælin á Torgi hins himneska friðar stóðu en yfirgaf stöðu sína þar til að taka þátt í hreyfingunni. Þátttaka hans í þessum mótmælum varð afdrifarík. Hann missti starfsréttindi sín, útgáfurétt og leyfi til að tala opinberlega. Hann var hnepptur í tveggja ára fangelsi fyrir gagnbyltingaráróður og hvatningu til glæpa. Árið 1995 var hann aftur fangelsaður í 6 mánuði fyrir að hvetja stjórnvöld til að viðurkenna ódæði sín á Torgi hins himneska friðar 1989. Árið 1996 var hann dæmdur í 3ja ára erfiðisvinnu fyrir andfélagslega hegðun þar sem hann gagnrýndi kommúnistaflokkinn og í desember 2009 í 11 ára fangelsi og afnám pólitískra réttinda í tvö ár fyrir að dreifa áróðri og stunda niðurrífsstarfsemi gagnvart ríkisvaldinu. Hann kvæntist Liu Xia 1996, hógværum listamanni sem hefur neyðst til að vera talsmaður hans vegna tíðra frelsissviptinga.

